

**Samstarfssamningur milli umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytisins
og Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Samningsaðilar umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið, kt. 571189-1519 (hér eftir ráðuneytið), og Samband íslenskra sveitarfélaga, kt. 550269-4739 (hér eftir sambandið), gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um verkefni sveitarfélaga á sviði umhverfis-, orku- og loftslagsmála.

1. gr. Markmið samnings

Markmið þessa samnings er að styrkja samskipti ráðuneytisins og sambandsins á sviði umhverfis-, orku- og loftslagsmála og auka miðlun upplýsinga um málefni sveitarfélaga til ráðuneytisins.

2. gr. Framkvæmd samnings

Ráðuneytið skilgreinir með samningi þessum grunnframlag til sambandsins til þriggja ára tímabils til að greiða launakostnað tveggja starfsmanna með sérþekkingu á málefnum á sviði ráðuneytisins sem geta sinnt sífelluverkefnum sbr. gr. 3 og stutt við sérverkefni sbr. gr. 4.

Sambandið og ráðuneytið skulu hvort um sig tilkynna ábyrgðaraðila sem skulu í kjölfar undirritunar samningsins vinna saman að gerð verklýsinga sem unnið verði eftir. Samningsaðilar hittast reglubundið á fundum vegna þessa samnings út samningstímabilið.

3. gr. Samstarfsverkefni

Samkomulag er að sambandið vinni að eftirfarandi verkefnum:

1. Verkefni á sviði hringrásarhagkerfis sem unnin eru í samstarfi með viðeigandi aðilum eftir atvikum, s.s. Umhverfisstofnun, sorpsamlögum sveitarfélaga, einstökum sveitarfélögum, Úrvinnslusjóði, Hringrásarklasanum og landshlutasamtökum sveitarfélaga.
 - Átakið „Samtaka um hringrásarhagkerfi“, reglulegir opnir fundir með sveitarfélögum um innleiðingu hringrásarhagkerfisins í samstarfi við Umhverfisstofnun.
 - Sambandið verði í samstarfi við Umhverfisstofnun um að uppfæra eftir þörfum Handbók um úrgangsstjórnun, „Spurt og svarað“ um úrgangsmál og hringrásarhagkerfið.
 - Sambandið gefi út og uppfæri eftir því sem við á sniðmát fyrir sveitarfélögin fyrir útboð í tengslum við úrgangsstjórnun.
 - Áframhaldandi stuðningur við innleiðingu Borgað þegar hent er kerfa við innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
 - Stuðningur og aðkoma að verkefnum sem tengjast bættum upplýsingum um magn, tegund og ráðstöfun úrgangs og aðra úrgangstölfræði, m.a. við Umhverfisstofnun.


- Sambandið verði í samstarfi við Umhverfisstofnun um innleiðingu samnorrænna merkinga hérlandis, m.a. með setu í samtökum EUPicto sem eiga merkin.
2. Verkefni á sviði loftslagsmála sem unnin eru í samstarfi með viðeigandi aðilum eftir atvikum, s.s. Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og landshlutasamtökum sveitarfélaga.
- Aðstoða sveitarfélög við framkvæmd loftlagsaðgerða á sveitarstjórnarstigi í samræmi við uppfærða aðgerðaáætlun ríkisins í loftslagsmálum. Auk setu sambandsins í verkefnastjórn um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og loftslagsráði.
 - Að styðja við vinnu sveitarfélaga að aðlögun að loftslagsbreytingum.
 - Að stuðla að því að sveitarfélög setji sér aðgerðamiðaða loftslagsstefnu fyrir eigin rekstur á grunni nýjustu upplýsinga og leiðbeininga. Stefnan fléttist eftir atvikum saman við aðra vinnu sveitarfélagsins að umhverfismálum í eigin rekstri, s.s. við vinnu að Grænum skrefum.
 - Að vinna að sameiginlegum og samtengdum loftslagsmarkmiðum ríkis og einstakra sveitarfélaga eða landshluta í samfélagslegri losun að norrænni fyrirmynd.
 - Þátttaka í ritstjórn „Verkfærakistu loftlagsvænni sveitarfélaga“.
 - Verkefni um leiðbeiningar til sveitarfélaga um hvernig skuli stuðla að því að sveitarfélög nýti skipulagsvald í þágu loftslagsmála, hvernig venda megí kolefnisrík vistkerfi, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu þeirra með skipulagsgerð auk greiningar á núverandi regluverki og eftirfylgni um verndun votlendis og annara vistkerfa. Reglulegar greiningar og kannanir meðal sveitarfélaga um stöðu þeirra á málefnasviði ráðuneytisins.
3. Vöktun á fyrirætlunum ESB og upplýsingagjöf til sveitarfélaga hvað varðar umhverfis-, orku- og loftslagsmál um möguleg áhrif á íslensk sveitarfélög.
4. Sjóðasókn á sviði umhverfis- og loftslagsmála, sem og stafrænar umbreytingar, með áherslu á Horizon Europe, rannsókn- og nýsköpunaráætlun ESB, LIFE, umhverfis- og loftslagsáætlun ESB og Digital Europe og stafræna áætlun ESB sbr. samning milli ráðuneytisins, sambandsins og RANNÍS um það verkefni.
5. Aðkoma að skipulagi ársfundar Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og náttúrustofa skv. lögum um náttúruvernd.

Gert er ráð fyrir að sambandið og ráðuneytið útfæri framangreind verkefni nánar með verklýsingu og kostnaðaráætlun eftir því sem við á.

4. gr. Ársyfirlit.

Sambandið skal afhenda ráðuneytinu yfirlit um stöðu og framkvæmd helstu verkefna sem tilgreind eru í 3. gr. í upphafi hvers árs. Yfirliti skal skilað til ráðuneytisins eigi síðar en 30. janúar ár hvert vegna verkefna liðins árs.

2



5. gr. Greiðslur

Póknun til sambandsins vegna samningsins skal nema 27,5 m.kr. á ári og tekur hún ekki breytingum á samningstímanum.

Póknunin greiðist árlega fyrir 31. janúar ár hvert.

Samkomulag þetta er gert á grundvelli heimildar í 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Fyrirvari er gerður um fjárheimildir í fjárlögum á gildistíma samningsins. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins í fjárlögum til málaflokks 17.5 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir samkomulag þetta og skulu þá samningsaðilar sameiginlega ákvarða forgangsörðun verkefna í samræmi við aðhaldskröfu. Óheimilt er að ráðstafa fé sem greitt er vegna samnings þessa til annars en þeirra verkefna sem tilgreind eru í samningnum og samrýmast almennum kröfum sem gera verður um meðferð á skattfé.

6. gr.

Sambandið ber alla ábyrgð á framkvæmd samkomulagsins gagnvart ráðuneytinu. Sýni ráðuneytið með óyggjandi hætti fram á að sambandið uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum, getur það krafði sambandið um úrbætur innan tiltekins frests. Vanefni sambandið samningsbundnar skyldur sínar getur ráðuneytið rift samningnum. Samningi þessum verður þó ekki rift nema vanefnd sé veruleg enda hafi ráðuneytið áður gert sambandinu viðvart skriflega og veitt hæfilegan frest til úrbóta. Hafi sambandið ekki bætt úr annmörkum samnings, skv. kröfugerð, innan tímafrests hefur ráðuneytið heimild til að fresta greiðslu þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Sambandið á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2026.

8. gr.

Mál er kunna að rísa út af samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og telst hvort um sig fullgilt frumrit samningsins.

Reykjavík, 24. apríl 2024.

f.h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins

Guðlaugur Þór Þórðarson,
umhverfis-, orku- og loftslagaráðherra

f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

Heiða Björg Hilmisdóttir,
formaður stjórnar

